Kæru hluthafar,

Eins og boðað var í framvinduskýrslu 8 er þess óskað af hluthöfum Eyjaganga að auka hlut sinn um 20% á sama gengi og áður, 1 kr. á hlut.

Þetta er mikilvægur liður í því að ljúka rannsóknum sumarsins og stólum við því á góða þátttöku hjá núverandi hluthöfum.

Hvar stendur verkefnið

- Öllum vettvangsrannsóknum er lokið. Báðar kjarnaholurnar eru boraðar og hafbotnsmælingar ná yfir um 282 km.
- Samstarfsyfirlýsing við innviðaráðherra fyrir hönd ríkisins var undirrituð 2. september.
- Í vetur vinna ÍSOR úr gögnum botnmælinga og í kjölfarið vinna Efla og Völuberg og Norconsult sjálfstætt fýsileika- og kostnaðarmat, þá vinna Íslandsbanki og Landsbankinn að arðsemisgreiningum. Niðurstaðna er að vænta undir lok árs eða í byrjun þess næsta.

Fyrirkomulag

- Gengi: 1 kr. á hlut, það sama og í fyrri áskrift.
- Umframáskrift: Óski margir eftir að fá umfram 20% hlut, mun stjórn bregðast við því í takti við fjölda beiðna.
- Greiðsla innan 7 daga frá undirritun.

Vinsamlegast staðfestið þátttöku með því að svara þessum tölvupóst fyrir 27. október.

Við sendum svo út áskriftaryfirlýsingu til undirritunar sem þarf að undirrita fimmtudaginn 29. Október 2026.

Með góðri kveðju,

Haraldur Pálsson, framkvæmdastjóri